

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar, nr. 45/2008, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. gr. reglugerðarinnar kemur: dómsmálaráðuneytinu; og í stað orðsins „Hæstaréttar“ í sömu grein kemur: æðra dómstigs.

2. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. og í 12. gr. og í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar kemur, í viðeigandi beygingarfalli: ráðuneytið.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: æðra dómstigi.
- b. Í stað orðsins „niðurstöðu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: dómsniðurstöðu.
- c. Orðið „héraðsdóms“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
- d. Orðin „í héraðsdómi“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
- e. Í stað orðsins „Hæstarétti“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: æðra dómstigi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ráðuneytinu.
- b. Á eftir orðinu „dómstóli“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: og dómstigi.
- c. Orðin „hvort hún gildir fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 3. málsl. 2. mgr. 125. gr. og 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 7. gr. laga nr. 72/2012, öðlast gildi 1. janúar 2018.

Dómsmálaráðuneytinu, 13. desember 2017.

Sigríður Á. Andersen.

Haukur Guðmundsson.